Almenn hæfni kennara

# 4. Íslenskt mál

Megintungumál við kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum skal vera íslenska.

Kennari býr yfir hæfni til að:

a Leggja mat á og efla eigin málfærni í samræmi við sérhæfingu.

b Beita íslensku í ræðu og riti á viðeigandi og árangursríkan hátt, útskýra, rökstyðja og stuðla að málefnalegum umræðum.

c Beita kennsluháttum sem örva nemendur til að tjá sig, skapa og miðla þekkingu sinni á íslensku.

d Beita fjölbreyttum aðferðum í kennslu íslensks tungumáls.

e Nýta áhrif fjölmenningar, fjöltyngis og íslensku sem annars máls við nám og kennslu.

---

Kröfur um hæfni í íslensku skulu miðast við það starf sem auglýst er en að jafnaði skal miða við að hæfni í íslensku sé samsvarandi C1 í Evrópska tungumálarammanum.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið